



3. apríl 2017.

Fræðsluráð Hafnarfjarðar

## MINNISBLAÐ UPPFÆRT

### Skóladagatöl grunnskóla í Hafnarfirði skólaárið 2017-2018

Minnisblað þetta tengist skilum grunnskóla í Hafnarfirði á skóladagatölum fyrir skólaárið 2017-2018. Minnisblaðið er fylgiskjal með skóladagatölum einstakra skóla og staðfestingu skólaráðs sem þeim fylgir. Minnisblaðinu er ætlað að taka saman stöðuna fyrir hvern skóla til að hafa yfirsýn yfir inntak þeirra og stöðuna. Gert er ráð fyrir að gögnin séu lögð fram á einum fundi og staðfest á þeim næsta.

- *Áslandsskóli:* Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: Skóladagatal er tvískipt, fyrir 1.-7. bekk annars vegar og 8.-10. bekk hins vegar. 10 skóladagar af 180 skilgreindir sem öðruvísi út frá skólasókn sem eru nýttir í foreldraviðtöl, skólasetningu og skólaslit, jólaböll, öskudag, prófadag, 1. desember ratleik og menningarhátíð.
- *Hraunvallaskóli:* Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: Skóladagatal er tvískipt, fyrir 1.-7. bekk annars vegar og 8.-10. bekk hins vegar. 10 skóladagar af 180 skilgreindir sem öðruvísi út frá skólasókn sem eru nýttir í foreldrasamtöl, skólasetningu og skólaslit, jólaböll, íþróttadag og Hraunvallaleika og (a) öskudag og vinavikudag í 1.-7. bekk og (b) grunnskólahátíð og árshátíð hjá þeim eldri.
- *Hvaleyrarskóli:* Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: 11 skóladagar skilgreindir öðruvísi út frá skólasókn sem eru nýttir í skólasetningu og skólaslit, námsviðtöl, fullveldisdagsuppbrot, öskudag og vordaga.
- *Lækjarskóli:* Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: Skilgreindir 10 öðru vísi skóladagar sem eru; skólasetning og skólaslit, þemadagar, foreldradagar, jólaskemmtun, öskudag og voruppbrot.
- *Setbergsskóli:* Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: 16 skóladagar af 180 skilgreindir sem öðruvísi út frá skólasókn sem dreifast á nemendur svo það erum 10 dagar á hvern nemanda eftir aldri. Þetta eru: skólasetning og skólaslit, jólaskemmtun, samtalsdagar, öskudagur og (a) þemadagar og vordagar fyrir yngri nemendur og (b) námsmat fyrir eldri nemendur
- *Víðistaðaskóli - Víðistaðatún og Engidalur:* Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: 16 skóladagar skilgreindir sem öðruvísi út frá skólasókn sem dreifast á nemendur svo það eru 10 dagar á hvern nemanda eftir aldri. Þetta eru: skólasetning og skólaslit, foreldrasamráð, jólaböll, öskudagur og íþróttadagur og (a) þemadagar í 1.-7. bekk og (b) námsmat í 8.-10. bekk.

- *Öldutúnsskóli*: Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Áhersla: 11 skóladagar skilgreindir sem öðruvísi út frá skólasókn sem dreifast á nemendur svo það erum 10 dagar á hvern nemanda eftir aldri. Þetta eru skólasetning og skólaslit, námssamtöl, jólaskeiðtanir, öskudagur, þemadagur, umhverfisdagur og útivistardagur og (a) útivistardagur 1.-4. bekk og (b) próf 5.-10. bekk.
- *Grunnskóli í Skarðshlíð*: Ekki komið þar sem skólinn er ekki skráður ennþá og skólaráð er ekki stofnað. Gert er ráð fyrir að skóladagatal skólans verði eins og hjá Hraunvallaskóla skólaárið 2017-2018.
- *Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði*: Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Skóladagatal skilgreindir ekki sérstaklega öðru vísi skóladaga en sem ólík þemu í skólafarfinu eftir vikum og mánuðum.
- *NÚ Framsýn*: Skóladagatal og staðfesting skólaráðs hafa borist. Uppfylla viðmið. Sérstaða skóladagatala NÚ er að það fylgir ekki kjarasamningi KÍ og sveitarfélaga heldur fylgir kjarasamningi BHM félaga. Þess vegna eru skipulagsdagar utan 180 nemendadaga öðrum vísi en hjá grunnskólum Hafnarfjarðar. Innan nemendadaganna 180 samþæfir skólinn sig við Hafnarfjörð með því að hafa tvö vetrarfrí á sama tíma og í grunnskólum bæjarins og hafa fimm skipulagsdaga innan nemendadaganna eins og grunnskólar Hafnarfjarðar. Skólasetning er á sama tíma í grunnskólum Hafnarfjarðar og skólaslit því líka. Áhersla: Ekki eru skilgreindar sérstakar áherslur innan skóladagatala vegna öðru vísi kennsludaga.

Virðingarfyllt,

  
Vigfus Hallgrímsson, þróunarfulltrúi grunnskóla